

## ***Framtíðarþing um farsæla öldrun á Austurlandi***

Framtíðarþing um farsæla öldrun hafa verið haldin í öllum fjórðungum landsins nema á Austurlandi og lögð var áhersla frá Öldrunarráði Íslands í vor að ljúka hringnum með þingi hér á Austurlandi í haust. Tókum við vel í það og mikilvægt er að raddir eldri borgara heyrist. Strax var haft samband við alla formenn félaga eldri borgara á Austurlandi upp á að finna tímasetningu fyrir þingið.

Öldrunarráð Íslands og Landssamband eldri borgara leggja til 100.000 hvort og að auki leggur Öldrunarráð Íslands til starfsmann sem kemur austur.

Ingrid Kuhlman hefur haldið utan um þingin og hefur verið óskað eftir störfum hennar austur á land ef af því verður með fjárstyrkjum frá sveitarfélögum á Austurlandi. Ingrid undirbýr, stýrir þingi, þjálfar borðstjóra og skilar skýrslu að loknu þingi. Kostnaður vegna vinnu hennar er 200.000 krónur og einnig þarf að leggja út fyrir flugi fyrir hana báðar leiðir. Auk kostnaðar við vinnu hennar er auglýsingakostnaður en áætla má að hann verði að lágmarki 103.000 sem er heilsíða í hvort skiptið í Dagskránni hér á Austurlandi. Heildarkostnaður við þingið, með kaffiveitingum er áætlaður um 550.000 krónur.

Rætt var um að þingið yrði haldið í Valaskjálfi á Egilsstöðum til að hafa staðsetninguna miðlægt á Austurlandi. Búið er að taka salinn frá í Valaskjálfi og setja því niður dagsetningu, fimmtudaginn 10. október kl 15:00 – 18:00 og verður kaffi og meðlæti í boði á fundinum.

Sótt verður um styrk til allra sveitarfélaga á Austurlandi og vonast er eftir fjárstyrkjum að lágmarki á bilinu 50.000 – 100.000 hjá hverju sveitarfélagi til að dekkja kostnaðinn. Allt fjármagnið verður látið fara í þennan viðburð. Ef afgangur yrði eftir þingið þá er stefnan að bjóða þátttakendum upp á veitingar og samveru í Hlymsdölum að loknu þingi.


Er það von okkar að sveitarfélögin taki jákvætt í erindið og styðji þannig við að framtíðarþing um farsæla öldrun á Austurlandi verði að veruleika og hringnum verði lokað.

Virðingarfyllst,

---

Gyða Vigfúsdóttir,  
formaður félags eldri borgara á Fljótsdalshéraði.

Meðfylgjandi er auglýsing frá síðasta framtíðarþingi sem haldið var á Selfossi, 16. Nóvember 2015.



*Þátttakendur óskast  
– viltu vera með?*

# FARSÆL ÖLDRUN

## Framtíðarþing um farsæla öldrun

### MARKMIÐ ÞINGSINS:

- ▶ Skapa umræðu meðal áhugasamra um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri áraanna.
- ▶ Vekja jákvæða athygli á eldri borgurum, stöðu þeirra og hvernig þeir líta á mál sín til framtíðar.

Í Þjónustumiðstöð aldraðra  
á Selfossi, Grænumörk 5  
16. nóvember kl.16:30 – 20:30

### Óskað er eftir þátttakendum úr eftirfarandi hópum:

- ▶ 75 ára og eldri
- ▶ 55-75 ára
- ▶ 55 ára og yngri
- ▶ Starfsfólk sem tengist öldrunarmálum

### Skráning:

Skráning sendist á netfangið  
[oldrunarrad@oldrunarrad.is](mailto:oldrunarrad@oldrunarrad.is) eða  
í síma 693 9508 eigi síðar en 10. nóvember n.k.  
Athugið að takmarkaður fjöldi er í hverjum hóp.  
Taka þarf fram nafn, kennitölu og síma.  
Þátttaka er öllum heimil og án endurgjalds.\*  
Boðið verður upp á veitingar.



\*Allir þátttakendur eru sjálfbodaliðar og þurfa sjálfir að standa straum af eigin ferðakostnaði.